

Ed.

569. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Í B-kafla 2. gr. laganna bætist á eftir 34. tölulið:
Hindisvík á Vatnsnesi.
Hnúksnes í Dalasýslu.

2. gr.

Í stað orðanna „sambærilegu mannvirki“ í 4. mgr. 9. gr. laganna komi: hafnar-
mannvirkjum.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svolátandi:
Heimilt er að ákveða í hafnarreglugerð, að skipagjöld skuli tryggð með lög-
veði í skipi, og gangi það veð í 2 ár fyrir samningsveðskuldum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.